

Fyrirspurn

til viðskiptaráðherra um endursölu viðskiptabanka og sparisjóða á eignum sem þeir hafa leyst til sín við nauðungarsölu.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hver er mismunur á innlausnarverði íbúða sem seldar hafa verið á nauðungarsölu til viðskiptabanka og sparisjóða og endursöluverði þeirra á frjálsum markaði síðastliðin tvö ár?
2. Hvernig standa bankar og sparisjóðir að endursölu á eignum sem þeir hafa leyst til sín við nauðungarsölu?
3. Er eitthvert eftirlit með kostnaði sem viðskiptabankar og sparisjóðir láta ganga til lækkunar á skuld gerðarþola áður en endursöluverði er greitt til hans við nauðungarsölu eignar?
4. Er ástæða til að setja reglur um slíkt?

Skriflegt svar óskast.